

STEFNA Í MÁLEFNUM  
ELDRI BORGARA

Hveragerði  
2024-2027





# Inngangur

- Hópur einstaklinga sem komnir eru yfir 60 ára aldur hefur mismunandi þarfir og væntingar. Skýr stefna hjá sveitarfélögum auðveldar bæjaryfirvöldum að standa við þá stefnu sem þau hafa markað.
- Kolbrún Tanja Eggertsdóttir forstöðumaður stuðningsþjónustu og málefna aldraðra uppfærði öldrunarstefnu bæjarins. Fundað var með Berglindi Rós Ragnarsdóttur hjúkrunarstjóra, Steinunni Aldísi Helgadóttur úr félagi eldri borgara í Hveragerði og Ingimar Guðmundssyni forstöðumanni frístundamála. Dagný Sigurbjörnsdóttir og Halldór Benjamín komu einnig með pólitískt sjónarhorn.
- **Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna eru höfð að leiðarljósi.**



# Framtíðarsýn Hveragerðis til ársins 2027

Hveragerði er blómstrandi og heilsueflandi bæjarfélag sem hugar að velferð íbúa og tekur mið af mismunandi þörfum allra íbúa.

Hveragerði – þar sem heilsa og vellíðan skipta máli



# Stefna í málefnum eldri borgara hjá Hveragerðisbæ 2024-2027

Hveragerði er aldursvænt samfélag sem býður upp á eflandi umhverfi og er áhersla lögð á heilsueflingu fyrir eldri borgara. Bærinn veitir einstaklingsmiðaða þjónustu sem eflir virkni og tryggir öryggi íbúa.



HVERAGERÐISBÆR

# Áherslur Hveragerðis til ársins 2027


Örugg búseta

Heilsueflandi samfélag

Samþætt þjónusta

# Örugg búseta

- Árið 2023 var íbúafjöldi í Hveragerði kominn í 3196. Íbúafjöldi Hveragerðis hefur aukist um rúm 7% milli ára.
- Í Hveragerði er hlutfall íbúa á sjötugsaldri yfir þriðjungu hærra en á landsvísu. Talið er að það skýrist af sterkri stöðu dvalar- og hjúkrunarheimila ásamt góðu framboði á þjónustu fyrir eldri borgara í bæjarfélaginu.
- **Markmið:** Eldri borgara í Hveragerði búi við fjölbreytni í búsetumálum þar sem í bland fari góðir möguleikar á búsetu í heimahúsum jafnt sem á hjúkrunar- og dvalarheimilum.
- **Aðgerðir:** Á næstu árum verður því unnið að því að koma upp þjónustukjarna fyrir eldri borgara. Eflt verði framboð lóða sem hugsað sé fyrir íbúðir eldri borgara.



# Heilsueflandi samfélag

- Lífaldur einstaklinga er að meðaltali hærri en áður og með hækkandi aldri eru einstaklingar bæði virkari í samfélaginu og almennt hraustari en áður. Það er því mikilvægt fyrir sveitarfélög að veita einstaklingsmiðaða þjónustu sem stuðlar að heilbrigðri öldrun.
- Á næstu árum er áætlað að hlutfall eldri einstaklinga verði um 20% af íbúafjölda á Íslandi. Árið 2018 var fjöldi þeirra sem komnir voru yfir 67 ára aldur í Hveragerði 439 talsins en sá fjöldi var kominn í 567 árið 2023.
- Hveragerðisbær heldur áfram að leggja sitt að mörkum til að stuðla að heilbrigðri öldrun þeirra sem búsettir eru í bæjarfélaginu.





# Virk þátttaka eldri borgara í heilsueflandi samfélagi

Almennt er unnið að viðhorfsbreytingu til öldrunar og hefur Hveragerðisbær samþykkt samstarf milli frístundaheimilisins Bungubrekku og Félags eldri borgara sem stuðlar að aukinni samstöðu milli kynslóða.

**Markmið:** Unnið verði stöðugt að því að bæta andlega, líkamlega og félagslega heilsu og vellíðan eldri borgara í anda heilsueflandi samfélags.

**Aðgerðir:** Fjölgað verði möguleikum eldri borgara til þátttöku í samfélaginu til að efla virkni þeirra og draga úr félagslegri einangrun.

- Áfram verði boðið upp á heilsueflingu fyrir 60+.
- Tryggt verði aðgengi eldri borgara að íþróttamannvirkjum.
- Efla skal virkni eldri borgara með frístundastarfi m.a. í samstarfi við Frístundamiðstöðina Bungubrekku.
- Samráð og samstarf - Á árunum 2024-2027 er áætlað að boða til íbúapings fyrir íbúa 60+



# Frístundastarf eldri borgara



Félag eldri borgara í Hveragerði hefur verið starfandi í rúm 40 ár. Þar fer fram öflugt og fjölbreytt tómstundastarf í þeirra eigin húsnæði og víðar.

Félagar eru tæplega helmingur íbúa 60 ára og eldri í Hveragerði.

Frístundamiðstöðin Bungubrekka mun veita félaginu þjónustu og stuðning.



# Frístundastarf eldri borgara



- **Samstarf Frístundamiðstöðvarinnar Bungubrekku og Félags eldri borgara**

- Frístundamiðstöðin Bungubrekka tekur að sér að veita Félagi eldri borgara í Hveragerði þjónustu og stuðning sem m.a. felur í sér:

- Almenna aðstoð við stjórn félagsins og félagsmenn.
- Að halda utan um félagatal og skráningarkerfi Félags eldri borgara.
- Að skipuleggja námskeið og viðburði fyrir félagið í samráði við stjórn Félags eldri borgara.
- Að aðstoða við skráningu á heimasíðu og aðra upplýsingamiðla Félags eldri borgara.

Til að ná þessum markmiðum mun Frístundamiðstöðin Bungubrekka leggja til ákveðinn starfsmann sem verður fastur tengiliður við félagið og með fasta viðveru á skrifstofu Félags eldri borgara.



# Tómstundastarf eldri borgara

- Frístundamiðstöðin Bungubrekkastefnir að því að móta tómstundaráðgjöf fyrir 60 ára og eldri sem undirbýr einstaklinga fyrir það að fara á eftirlaun.
- Húsnæði Frístundamiðstöðvarinnar Bungubrekku verður aðgengilegt öldungaráði sveitarfélagsins.
  - Möguleiki er á aðstöðu þar sem hægt er að hittast og fá sæti við borðið þegar veigamiklar ákvarðanir eru teknar af bæjarstjórn.



# Samþætt þjónusta

- Hveragerðisbær er í hópi sex heilbrigðisstofnana og 22 sveitarfélaga sem voru samþykkt til þátttöku í þróunarverkefnið *Gott að eldast*, með það að markmiði að samþætta og efla þjónustu fyrir eldri borgara í heimahúsum.
  - Með slíkri samþættingu er hægt að tryggja enn frekar að einstaklingar fái rétta þjónustu á réttum stað hverju sinni.
- **Markmið:** Hveragerðisbær vinni að eflingu og samþættingu þjónustu fyrir eldri borgara.  
Veiti viðeigandi þjónustu sem gerir íbúum kleift að búa sem lengst í heimahúsi.
- **Aðgerð:** Á næstu árum verður unnið að því að koma upp þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara.  
Veitt verður einstaklingsmiðuð þjónusta sem byggir á stuðningi á jafningjagrundvelli.



# Samantekt á stefnu



- Fjölga þarf húsnæðiskostum fyrir einstaklinga sem komnir eru yfir 60 ára aldur.
- Samstarf Frístundamiðstöðvarinnar Bungubrekku og Félags eldri borgara.
- Hveragerðisbær heldur áfram að bjóða upp á heilsueflingu fyrir 60+.
- Fjölga þarf möguleikum til þátttöku í samfélaginu fyrir eldra fólk sem eflir virkni þeirra og getur dregið úr félagslegri einangrun.
- Unnið verður að því að koma upp þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara.
- Einstaklingsmiðuð þjónusta verður áfram í boði þar sem veittur er stuðningur á jafningjagrundvelli og gerir íbúum kleift að búa sem lengst í heimahúsi.